

Fundargerð ÁRSFUNDAR

Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2018

Haldinn miðvikudaginn 30. maí 2018 kl. 12.00

Í Glerá, fundarsal Brúar lífeyrissjóðs, Sigtúni 42, Reykjavík

Formaður stjórnar, Heiða Björg Hilmisdóttir, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundargestir voru alls 16, stjórn, starfsmenn og gestir þar með taldir. Gögn fundarins voru birt rafrænt á heimasíðu sjóðsins. Gestum var boðið að fá útprent úr ársreikningi.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Fundarstjóri, ágætu fundarmenn og sjóðfélagar

Árið 2017 var gott ár í ávöxtun hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar en raunávöxtun ársins var 4,3% og er meðaltal raunávöxtunar sjóðsins fyrir síðustu 5 ár 4,2% og meðtalið fyrir tíu ár er 3,6% sem er nánast á pari miðað við það viðmið sem lífeyrissjóðir nota við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu. Þessi góða afkoma nú skýrist einkum af góðri ávöxtun innlendra skuldabréfa og erlendra hlutabréfa.

Innlendir hlutabréfamarkaður á árinu 2017 rétti úr kútnum frá árinu 2016 þótt ávöxtun hafi verið nokkuð misjöfn milli félaga. Heildarvísitala Nasdaq hækkaði um 4,9% á árinu en vísitalan er leiðrétt fyrir arðgreiðslum. Helstu fréttir af innlenda hlutabréfamarkaðnum á árinu var afskráning hlutabréfa Össurar sem var í lok nóvember. Brotthvarf félagsins hafði mikil áhrif á heildarmyndina, enda um að ræða annað stærsta félag markaðarins. Engin nýskráning átti sér stað á aðalmarkaði Kauphallarinnar á árinu. Af þeim 17 félögum sem skipuðu íslenska markaðinn í upphafi árs hækkaði virði 9 félaga. Icelandair hélt áfram að lækka í verði eins og árið 2016 en er þó annað stærsta félagið að markaðsvirði á eftir Marel.

Verðbólga ársins var 1,9% og var því undir 2,5% markmiði Seðlabanka Íslands allt árið. Styrking íslensku krónunnar hjálpaði mikið við að halda verðhækkunum niðri sem og aukin samkeppni á smásölumarkaði. Á árinu lækkuðu stýrivextir um 0,75%, eða úr 5,0% í 4,25%, sem er sama lækkun og á árinu 2016. Fjármagnshöftin voru afnumin á síðasta ári gagnvart íslenskum aðilum en innflæðishöft gagnvart erlendum kaupendum íslenskra skuldabréfa eru ennþá við lýði.

Verðtryggðu ríkisbréfin héldu áfram að hækka í verði með lækkandi kröfu út árið á meðan meiri sveiflur einkenndu óverðtryggðu bréfin.

Ávöxtun erlendra hlutabréfa á helstu verðbréfamörkuðum var góð á árinu 2017. Heimsvítala Morgan Stanley (MSCI World Index með arðgreiðslum) hækkaði á árinu um 22,4% mæld í Bandaríkjadalum. Íslenska krónan styrktist tölvert gagnvart Bandaríkjadal á árinu 2017 sem leiddi til þess að hækkan erlendra hlutabréfa mæld í íslenskum krónum er lægri sem nemur styrkingu dalsins. Að teknu tilliti til styrkingar krónu gagnvart Bandaríkjadal hækkaði heimsvítala hlutabréfa um 13,3% mælt í íslenskum krónum.

Stjórn sjóðsins hefur mótað þá stefnu að hafa fjárfestingar sjóðsins áhættulitlar sem dregur úr sveiflum á ávöxtun sjóðsins með það að markmiði að ekki muni reyna frekar á bakábyrgð Reykjavíkurborgar.

Miklar breytingar einkenndu síðasta starfsár sjóðsins. Á árinu var innleitt nýtt tölvukerfi fyrir iðgjöld og lífeyrisgreiðslur sem er mun skilvirkara en það sem fyrir var. Sjóðfélagar urðu varir við breytinguna þar sem útlit á launaseðlum og iðgjaldayfirlitum tók breytingum. Samhliða var opnaður nýr sjóðfélagavefur á heimasíðu sjóðsins sem bætir enn frekar þjónustu og upplýsingagjöf til sjóðfélaga.

Stigið var lokaskref í skipulagsbreytingum á eignastýringu sjóðsins en hún hefur verið efla með ráðningu fleiri starfsmanna og innleiðingu nýrra upplýsingakerfa. Markmið með breytingunum er að efla þekkingu innan sjóðsins, lækka kostnað við fjárfestingar og efla eftirlit.

Brú lífeyrissjóður sem er rekstraraðili sjóðsins er meðal stofnaðila að IcelandSIF sem er sjálfstæður umræðuvettvangur um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Sjóðurinn fetar nú sín fyrstu spor við innleiðingu á eigendastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Við ákvörðun um fjárfestingakosti verður horft m.a. til umhverfismála, samfélagsmála og góðra stjórnarháttu í ríkari mæli en áður.

Á árinu fór stjórnin í gengum sjálfsmat á störfum sínum en matið tók meðal annars á skipan stjórnar, skipulagi, eftirliti og upplýsingagjöf. Niðurstaða matsins mun nýtast til að þróa og móta starfshætti sjóðsins til hins betra. Mun það starf ekki síst gagnast nýrri stjórn sem taka mun til starfa síðsumars.

Heildareignir sjóðsins voru í árslok 2017 rúmir 76,6 milljarðar krónur og hækkaði um rúma 2,6 milljarða á milli ára. Fjárfestingatejur námu 4,7 milljörðum og rekstrarkostnaður 190 milljónum. Nánar verður greint frá ársreikningi sjóðsins síðar á fundinum.

Á árinu 2017 greiddu 392 sjóðfélagar iðgjöld að meðaltali á mánuði samanborið við 446 árið á undan. Fjöldi sjóðfélaga sem eiga réttindi hjá sjóðnum voru 17.506 á árinu 2017 samanborið við 17.672 á árinu 2016. Heildargreiðslur lífeyris á árinu 2017 námu rúnum 4,4 milljörðum en voru 4,2 milljarðar á árinu 2016. Að meðaltali greiddi sjóðurinn mánaðarlega lífeyri til 3.151 sjóðfélaga en á árinu 2016 voru þeir að meðaltali 2.915.

Samkvæmt lögum verða lífeyrissjóðir að eiga eignir til að mæta skuldbindingum sínum. Þessi sjóður er undanþeginn framangreindu ákvæði þar sem Reykjavíkurborg er með bakábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld og ávöxtun eigna hans dugi fyrir skuldbindingum og því greiða launagreiðendur mánaðarlega aukaframlag sem nemur 69% af greiddum lífeyri. Á árinu 2017 nam aukaframlagið rúmum 2,1 milljörðum. Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu í lok árs 2017, að teknu tilliti til aukaframlagsins nema eignir sjóðsins umfram skuldbindingar um 21,3 milljörðum. Tryggingafræðilega staðan á milli ára versnaði því um 1,3 milljörðum en skuldbindingar þessa sjóðs hækkuðu í takt við launavísitölu, sem hækkaði um tæp 7%, en ekki í takt við breytingu á neysluverðsvísitölu sem hækkaði um 1,9%.

Sem fyrr sér Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga um rekstur sjóðsins í samræmi við samning frá árinu 1999. Það hefur okkur reynst farsælt og áformað er að skoða þann samning betur. Mikið hefur áunnist á árinu bæði hvað varðar þjónustu sjóðsins og innri starfsemi. Stjórnun hans er til fyrirmynadar og ánægja með fyrirkomulagið.

Stjórnin hélt nú fundi á starfsárinu en í stjórn eru auk formanns, Halldór Halldórsson, Heiðar Ingi Svansson f.h. Reykjavíkurborgar og þau Ása Clausen og Þorgrímur Hallgrímsson f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Á tímabilinu voru örar breytingar á stjórn sjóðsins og hafa athugasemdir borist sjóðnum vegna þess. Fulltrúar í stjórn sem eru skipaðir af borgarráði munu koma því áleiðis til borgarstjórnar um að æskilegt sé fyrir sjóðinn að stjórnarmenn sitji út kjörtímabilið og komið verði í veg fyrir jafn ör mannaskipti í stjórninni.

Endurskoðunarnefnd sjóðsins starfaði á árinu samkvæmt starfsskyldum sínum og fundaði nefndin nú sinnum á árinu. Í endurskoðunarnefnd sitja Birgir Björn Sigurjónsson sem er formaður, Ása Clausen og Björk Vilhelmsdóttir og eru þeim þökkuð vel unnið störf. Það er gott að vera í stjórn með jafn öflugri endurskoðunarnefnd. Starf stjórnar gekk vel og vil ég nota þetta tækifæri og þakka félögum mínum í stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á liðnu starfsári.

Ég legg þá tillögu fyrir fundinn að fundarstjóri verði Þóra Jónsdóttir og fundarritari Þórdís Hadda Yngvadóttir

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til ársfundarins með þeim hætti sem samþykktir lífeyrissjóðsins gera ráð fyrir, en ársfundurinn var auglýstur í Fréttablaðinu 15. maí. Engar athugasemdir bárust frá fundarmönnum um boðun fundarins og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins og kynnti næsta dagskrárlíð sem var yfirferð framkvæmdastjóra á ársreikningi sjóðsins.

2. Yfirferð ársreiknings

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, kynnti ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og greindi frá því að ársreikningurinn er birtur á heimasíðu.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn og endurskoðendur sjóðsins hafa áritað ársreikninginn án athugasemda.

Árið var hagstætt fyrir lífeyrissjóðina almennt og var ávöxtun ágæt. Fjárfestingargjöld sjóðsins lækkuðu m.a. vegna breytinga á fyrirkomulagi eignastýringar, en rekstrarkostnaður jókst m.a. vegna skipulagsbreytinga í eignastýringu og einskiptis kostnaðar t.d. vegna breytinga á upplýsingakerfum. Sjóðurinn greiðir hlutfallskostnað í rekstri Brúar lífeyrissjóðs. Markmiðið með skipulagsbreytingum og endurnýjun á upplýsingakerfum er að draga úr heildar rekstrarkostnaði fyrir sjóðina til lengri tíma litið.

Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 2.601 milljón krónur og var 76.662 milljónir króna. Þetta samsvarar 6,1% nafnávöxtun eða 4,3% raunávöxtun. Meðalraunávöxtun sjóðsins til 10 ára er 3,5%. Nettó útgreiðslur til sjóðfélaga voru 1.880 milljónir króna á árinu, en það var aukning um 16,7% á milli ára. Þar af lækkuðu lífeyrisgreiðslur um 7,4% en iðgjöld einungis um 1,5%. Lífeyrisbyrði var 173,3% á árinu (2016: 163,7%). Nettó fjárfestingatekjur voru 4.671 milljón krónur. Mikill viðsnúningur var á árinu í ávöxtun eignarhluta í félögum og sjóðum. Innlendur skuldabréfamarkaður skilaði ágætri ávöxtun á árinu samhliða lækkun raunvaxta.

Við yfirferð á iðgjöldum og lífeyrisgreiðslum kom fram að iðgjöld sjóðfélaga lækkuðu um 8% milli ára og skýrist það aðallega af hækandi aldri sjóðfélaga og fjölgun lífeyrisþega. Hlutdeild í greiddum lífeyri og samtímagreiðslum með iðgjöldum hækkuðu um 3% og voru 88,4% af heildariðgjöldum ársins. Endurgreiðsluhlutfall var 69% á árinu og er óbreytt frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur hækkuðu um 7% á árinu og var mest hækkun í ellilífeyri, eða 9%, en barnalífeyrir hækkaði um 6% milli ára. Vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 6,9% á árinu en hún hækkaði um 11,3% á árinu 2016. Ellilífeyrir vegur sem fyrr þyngst og var 80,3% af greiddum lífeyri á árinu, en var 79% árið 2016.

Fjárfestingatekjur jukust um 2.059 milljónir króna á milli ára (77% hækkun). Mikill viðsnúningur var í ávöxtun eignarhluta í félögum og sjóðum. Styrking krónunnar á árinu 2016 rýrði ávöxtun erlendra eigna, en 5,3% hækkun erlendra hlutabréfavísitalna skilaði 8,3% lækkun í íslenskum krónum. Á árinu 2017 styrktist krónan áfram á móti Bandaríkjadal en ekki á móti Evru. Af fjárfestingareignum sjóðsins eru í 2,2% í Bandaríkjadöllum (2016: 2,2%) og 0,4% í Evru (2016: 0,2%). Ávöxtun innlendra verðtryggðra skuldabréfa var betri en á fyrra ári. Verðtryggð skuldabréf skiliðu ávöxtun umfram óverðtryggð á árinu. Verðtryggðar eignir sjóðsins eru 74,2% af hreinni eign (2016: 78,4%).

Heildareignir sjóðsins voru 76.662 milljónir króna í lok árs 2017. Skuldabréf, og þá einkum skuldabréf með ríkisábyrgð, eru sem fyrr veigamest í eignasafni sjóðsins. Ekki varð mikil breyting á eignasamsetningu á milli ára. Hlutfall eigna í erlendri mynt var 2,5% á árinu samanborið við 1,7% á árinu 2016. Kröfur samanstanda af iðgjaldakröfum og ógreiddum lífeyri þar sem hluti lífeyris LsRb er fyrirframgreiddur. Um áramót var engin staða á viðskiptamönnum vegna útgefinna reikninga í hlutdeild í greiddum lífeyri. Ýmsar skuldir eru

að stærstum hluta ógreidd staðgreiðsla af lífeyrisgreiðslum. Einnig var óuppgjerð skuld við áramót við Brú lífeyrissjóð vegna þáttöku í rekstrarkostnaði ársins 2017.

Við yfirferð á fjárfestingaeign kom fram að bókfært virði fjárfestinga var 76.454 milljónir króna í árslok og var það aukning upp á 2.394 milljónir á árinu. Mesta aukningin var í skuldabréfum, bæði hlutfallslega og í krónum talið. Aðrar fjárfestingar voru bundin innlán. Útlán eru sjóðfélagalán og keypt veðskuldabréf fyrirtækja og sveitarfélaga og voru útlán til sjóðfélaga 350 milljónir króna og lækkuðu um 21% á árinu vegna uppgreiðslu á lánum. Veðskuldabréf voru 657 milljónir króna og hækkuðu um 62% á árinu m.a. vegna kaupa á nýjum veðskuldabréfum.

Við yfirferð á ávöxtun kom fram að ávöxtun á árinu var mikið betri en frá fyrra ári. Nafnávöxtun var 6,1% en verðbólgva var 1,7%. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar var 4,2% (með matsbreytingu 2015) og tíu ára meðaltal var 3,5%. Ávöxtun innanlands var betri en frá fyrra ári. Hlutabréf (OMX18) lækkuðu um 4,4% á árinu (2016: -9,0%, 2015: +43,4%). Erlend hlutabréf hækkuðu um 22,6%, en í krónum talið er hækkunin 13,3% vegna styrkingar krónunnar.

Fundarstjóri bauð gestum upp á umræður og fyrirspurnir um fyrstu two dagskráliðina.

Engar spurningar. Kynntur var næsti dagskráliður og bauð fundarstjóri Gerði Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra sjóðsins að kynna skýrslu um tryggingafræðilega athugun.

3. Skýrsla um tryggingafræðilega athugun kynnt

Framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings, á stöðu sjóðsins í árslok 2017. Farið var yfir aðferðafræði og helstu reikniforsendur útreikninga sem eru óbreyttar frá síðasta ári. Árlega er gerður samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar vegna greiðslu lífeyris. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum er byggt á forsendum sem eru háðar óvissu

Forsendur eru staðlaðar, en notað er frádrag frá stöðluðum örorkulíkum. Örorkulíkur byggjast á 80% reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum á árunum 1998-2002.

Sjóðurinn nýtur bakábyrgðar sveitarfélagsins. Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld og ávöxtun eigna dugi fyrir lífeyrisgreiðslum. Reykjavíkurborg og aðrir launagreiðendur greiða aukaframlag sem nemur 69% af greiddum lífeyri. Á árinu 2007 lagði Reykjavíkurborg inn til sjóðsins 24 milljarða króna í formi skuldabréfa sem fengin voru fyrir sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun. Þar af leiðir er heildarstaða sjóðsins jákvæð um 21,3 milljarða króna. Áfallnar skuldbindingar, það eru réttindi sem sjóðfélagar eru búinir að ávinna sér eru tæpir 99 milljarðar króna. Framtíðar skuldbindingar eru áætluð réttindi sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér eru tæpir 4,5 milljarðar. Skuldbindingar eru samtals rúmlega 103 milljarðar króna, en eignir eru samtals tæplega 125 milljarðar króna.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er því jákvæð upp á 20,7%. Fyrirhugað er að gera upp skuldbindingar sem borgin greiddi inn í sjóðinn með Landsvirkjunarbréfi á næstu misserum og má gera ráð fyrir að framlag borgarinnar myndi lækka um 600 milljónir króna á ári með uppgjörinu.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 3. dagskrárlíð. Engar spurningar. Fundarstjóri bauð Svandísí Rún Ríkarðsdóttur, sviðstjóra eignastýringar að fara yfir næsta dagskrárlíð.

4. Fjárfestingarstefna kynnt

Svandís Rún Ríkarðsdóttir, sviðsstjóri eignastýringar, kynnti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2018. Fram kom að markmið stjórnar er að hafa varkára fjárfestingastefnu svo ekki reyni frekar á bakábyrgð Reykjavíkurborgar og launagreiðenda. Breytingar á lögum nr. 113/2016 um lífeyrissjóði tóku gildi 1. júlí 2017, fólust þær meðal annars í því að vægi áhættustýringar var aukið og breytingar gerðar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða og flokkun verðbréfa. Við ákvörðun um samsetningu fjárfestingarstefnu sjóðsins er horft til núverandi ávoxtunar, stefnu eignaflokka, væntanlegrar útgáfu og skráningar bréfa og annarra þátta sem taldir hafa áhrif á fjárfestingarumhverfi og möguleika til ávoxtunar. Þá skal eignasamsetning sjóðsins vera í samræmi við heimildir VII. kafla laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Undanfarin ár hefur fjárfestingarstefna sjóðsins verið byggð þannig upp að samsetning eigna gefi góða ávoxtun að teknu tilliti til áhættu en jafnframt hefur verið horft til þess hvernig skuldbindingar falla til.

Hlutfall ríkisbréfa heldur áfram að dragast saman og á móti eykst hlutfall sértryggðra skuldabréfa og skuldabréfa sveitarfélaga. Ávoxtunarkrafa skuldabréfa með ábyrgð ríkissjóðs hefur lækkað verulega auk þess sem reglulega er greitt af bréfunum án þess að hægt sé að gera ráð fyrir mikilli nýrri útgáfu ríkisbréfa á næstu misserum. Í ljósi markaðsaðstæðna er tekið skref í stefnu sjóðsins til að auka við eignir í erlendum hlutabréfum. Gjaldeyriviðskipti hafa verið háð takmörkunum frá haustinu 2008 en í mars 2017 voru höftin endanlega afnumin.

Ákveðið var að draga úr skuldabréfum og innlánum úr 89,7% í 86% og auka við stöðu hlutabréfa og fagfjárfestingasjóða úr 10,3% í 11%.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 4. dagskrárlíð.

Engar spurningar.

5. Tilnefning stjórnarmanna og varamanna

Fundarstjóri fór yfir breytingar á stjórn sjóðsins á árinu. Tvær breytingar voru gerðar á stjórnarsetu í sjóðnum. Á fundi borgarráðs 9. mars 2017 var Halldór Halldórsson skipaður í sæti Hildar Sverrisdóttur í stjórn og Herdís Anna Þorvaldsdóttir var skipuð sem varamaður.



Á fundi borgarráðs 8. júní 2017 var Heiða Björg Hilmisdóttir skipuð sem formaður sjóðsins í stað Skúla Helgasonar.

6. Breytingar á samþykktum

Fundarstjóri, sem er jafnframt sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs, greindi frá því að engar breytingar hefðu verið gerðar á samþykktum sjóðsins á árinu 2017. Fyrir liggja tillögur stjórnar á breytingum á samþykktum á árinu 2018. Tilefni breytinganna eru aðallega breytingar á almannatryggingalöggjöf um hálfan lífeyri. Einnig var lagt til að orðalag í ákvæði 12.1. verði lagfært í samræmi við framkvæmd sjóðsins um skilyrði til greiðslu ellilífeyris að sjóðfélagi hafi látið af starfi sínu, þar sem heimilt er að minnka starfshlutfall undir 50% og hætta iðgjaldagreiðslum í sjóðinn. Þá var lagt til að ákvæði 12.10. verði bætt við samþykktirnar þar sem kveðið er á um að verði starf lagt niður fylgi viðmiðun lífeyris meginreglu sjóðsins, meðaltalsreglu.

7. Önnur mál

Engin tillaga var lögð fram um önnur mál.

Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir í lok fundarins.

Fundarstjóri lagði til að hann og fundarritari fengju leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð og birta á vefsíðu sjóðsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og bauð formanni stjórnar orðið til að slíta fundi.

Formaður stjórnar þakkaði stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf á árinu og framsögumönnum og gestum fyrir góðan fund og sleit að því loknu fundinum.

Fundi slitið kl. 12:40.



Þóra Jónsdóttir, fundarstjóri



Þórdís Yngvadóttir, fundarritari

